



Leiðbeiningar um talningu hlutaveikinda

Í kjarasamningum samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og þeirra stéttarfélaga sem hún semur við var í síðustu kjarasamningum bókun um að sambandið gæfi út leiðbeiningar um talningu veikindadaga í hlutaveikindum.

Í kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og þeirra stéttarfélaga sem sambandið semur við eru ákvæði sem heimila starfsmanni að vinna skert starf vegna slyss eða veikinda með leyfi forstöðumanns. Ákvæðið er í grein 12.2.10¹ og hljóðar svo:

“Ef starfsmaður að læknisráði og með leyfi forstöðumanns vinnur skert starf vegna slyss eða veikinda, skal miða greiðslu veikindalauna fyrir dagvinnu við það starfshlutfall sem vantar á að hann sinni fullu starfi.”

Um er að ræða heimildarákvæði sem vinnuveitandi (yfirmaður) ákveður hvort hann nýtir eða ekki.² Um tímabundna ráðstöfun á að vera að ræða.³ Þetta er því í raun heimild vinnuveitanda til að veita tímabundinn afslátt frá uppfyllingu vinnuskyldu og gildir aðeins á tímabilum þegar vinnuskylda er innt af hendi, þ.e. fellur niður í orlofstöku og annarri fríatöku nema læknir votti að starfsmaður geti ekki notið orlofs en þá telst fríið að fullu til veikinda.

Mælt er með því að gert sé samkomulag við starfsmann um notkun þessarar heimildar og að fram komi fyrirfram tiltekin tímalengd en hægt er síðan að framlengja samkomulagið um einhvern tíma ef ástæða er til og læknir hefur ekki gefið fullt heilbrigðisvottorð. Ákvæðið á ekki við ef starfsmaður er orðinn varanlega ófær um að gegna að fullu því starfshlutfalli er hann er ráðinn til.

Í ákvæðinu eða kaflanum í heild er ekki tekið fram hvernig telja eigi veikindadaga þegar þessi heimild er nýtt.

Þegar starfsmaður vinnur skert starf vegna veikinda eða slysa þarf að skipta starfinu upp í þann hluta sem viðkomandi er í **starfi** og þann hluta sem hann er **veikur** og telja veikindafjarvist í hvorum hluta fyrir sig. ATH! EKKI skiptir máli hvort skerðing er framkvæmd þannig að starfsmaður vinnur hluta úr starfi á hverjum degi eða færri daga í viku, talning veikindadaga miðast við það starfshlutfall sem upp á vantar að ráðningarlutfalli sé skilað.

Alltaf skal telja **alla daga** en ekki bara vinnuskyldudaga þar sem veikindaréttur er tilgreindur í almanaksdögum.

Við talningu veikindadaga er alltaf litið til síðustu 12 mánaða og er það gert á hverjum veikindadegi þar sem nýttir veikindadagar falla niður eftir 12 mánuði. Dæmi: Starfsmaður er veikur í 10 daga frá 7. janúar, 15 daga í febrúar og 20 daga í desember. Þann 1. janúar á hefur hann nýtt 45 veikindadaga en þann 8. janúar fellur niður fyrsti veikindadagurinn og telst hann þá hafa nýtt 44 daga. 31. janúar hafa allir 15 dagarnir sem hann nýtti í janúar árið áður dottið út og hann hefur þá einungis nýtt 35 daga. Sama regla gildir þegar um hlutaveikindi er að ræða. Viðkomandi starfsmaður á rétt til ákveðins dagafjölda m.v. það starfshlutfall sem hann er ráðinn í. Verði hann veikur að hluta þá fækkar þeim

¹ Í kjarasamningum við Félag grunnskólakennara og skólastjórafélag Íslands er sambærileg ákvæði í grein 13.2.2.10 og í kjarasamningum við Félag leikskólakennara og Félag stjórnenda leikskóla er ákvæðið í grein

² Gæta þarf jafnræðis milli starfsmanna þegar ákvörðun er tekin og málefnalegar ástæður þurfa að vera fyrir synjun.

³ Upphaflega var heimildin til þess hugsuð að starfsmaður sem verið hefði frá í lengri tíma vegna veikinda eða slyss, fengi aðlögunartíma er hann kæmi aftur til starfa og gæti í áföngum tekið upp fullt starf að nýju, t.d. með því vinna hálf starf fyrstu vikurnar.



dögum sem hann á rétt til launa í „fullu“ starfi.

Dæmi 1⁴

Dagvinnumaður í fullu starfi veikist í byrjun mars. Samkvæmt læknisráði og með leyfi forstöðumanns vinnur hann hálf starf og er að hálfu veikur. Veikindaréttur hans er 133 dagar og hann hefur aldrei verið forfallaður frá vinnu vegna veikinda. Talning veikindadaga og greiðsla launa er þá þannig:

I. Hálf veikindi í mars til ágúst.

| Mánuður | 0-50% veikindi | | 51-100% í starfi | |
|---------|--------------------|-----------------|--------------------|-----------------|
| | Fjöldi daga í mán. | Síðustu 12 mán. | Fjöldi daga í mán. | Síðustu 12 mán. |
| Mars | 30 | 30 | 30 | 0 |
| Apríl | 30 | 60 | 30 | 0 |
| Maí | 31 | 91 | 31 | 0 |
| Júní | 30 | 121 | 30 | 0 |
| Júlí | 31 | 152 | 31 | 0 |
| Ágúst | 31 | 183 | 31 | 0 |

12. júlí hefur veikindafjarvist í helmingi starfs náð 133 dögum. Laun í þeim hluta starfs falla því niður frá og með 13. júlí. Launin eru eftir það 50% og miðast við helming starfs.

Viðkomandi starfsmaður fær því greidd full laun í 133 daga (til og með 12. júlí), þrátt fyrir að skila 50% starfi á tímabilinu. Frá og með 13. júlí falla greiðslur veikindalauna niður, en launagreiðslur halda áfram fyrir þann hluta sem viðkomandi starfar.

Nú verður sami starfsmaður fullfrískur samkvæmt starfshæfnisvottorði og fer í fullt starf í október. Hann vinnur í tvær vikur eða til 17. október og veikist þá að fullu fram til áramóta. Réttur hans til launaðra veikindadaga tekur mið af nýttum dögum áðurliðinna 12 mánaða. Þar sem hann hefur þegar notið heimildarákvæðis um „hlutaveikindi“ miðast réttur hans við það og veikindalaun hans eru því reiknuð út líkt og um tvo starfsmenn væri að ræða.

II. Full veikindi frá 17. október til áramóta.

| Mánuður | Áframhaldandi veikindi | | Áður í starfi - nú veikur | |
|-----------------|------------------------|-----------------|---------------------------|-----------------|
| | Fjöldi daga í mán. | Síðustu 12 mán. | Fjöldi daga í mán. | Síðustu 12 mán. |
| 17.-31. október | 15 | 198 | 15 | 15 |
| Nóvember | 30 | 228 | 30 | 45 |
| Desember | 31 | 259 | 31 | 76 |

Fær greidd 50% laun í 76 daga.

Dæmi 2

Starfsmaður í fullu starfi með þjónustualdur undir 12 árum og á hann því rétt til launa í 175 daga miðað við hverja 12 mánuði.

Hann veikist 5. nóvember 2010 og er veikur að fullu til 14. febrúar 2011 eða samtals í 102 daga. Frá 15. febrúar 2011 vinnur hann hálf starf að læknisráði og með samþykki forstöðumanns um tveggja mánaða skeið en veikist þá aftur að fullu. Í byrjun mars 2011 fær hann flensu og er frá starfi í eina

⁴ Þetta dæmi er fengið af síðu fjármálaráðuneytis www.fjarmalaraduneyti.is/starfsmenn-rikisins/spurt-og-svarad/veik-slys/safn/nr/8612



viku. Á næstu tólf mánuðum fyrir fyrstu veikindin, 5. nóvember 2010 var hann tvívegis frá störfum vegna veikinda, 4 daga í hvort sinn.

Full veikindi 05.11.2010 – 14.02.2011 og næstu 12 mánuðir á undan.

Veikindafjarvist

| Ár | Mánuður | Fjöldi daga í mán. | Síðustu 12 mán. |
|------|----------------|--------------------|-----------------|
| 2010 | janúar | 4 | 4 |
| | maí | 4 | 8 |
| | nóvember | 26 | 34 |
| | desember | 31 | 65 |
| 2011 | Janúar | 31 | *91 |
| | 1.-14. febrúar | 14 | 106 |

* 4 dagar frá janúar 2010 falla út úr talningunni

III. Hálf veikindi 15.02 – 14.04.2011, auk þess flensa og full veikindi í 7 daga í mars

| Mánuður | 01 – 50% veikindi | | 51-100% í starfi | |
|-------------------|--------------------|-----------------|--------------------|-----------------|
| | Fjöldi daga í mán. | Síðustu 12 mán. | Fjöldi daga í mán. | Síðustu 12 mán. |
| 15. – 28. febrúar | 14 | 120 | 0 | 106 |
| 1.-31. mars | 31 | 151 | 7 | 113 |
| 1.-14. apríl | 14 | 165 | 0 | 113 |

Er á fullum launum þar sem veikindafjarvistir eru enn undir 175 dögum

IV. Veikindi að full á ný frá og með 14.04.2011

| Mánuður | 01 – 50% veikindi | | 51-100% í starfi | |
|-----------------|--------------------|-----------------|--------------------|-----------------|
| | Fjöldi daga í mán. | Síðustu 12 mán. | Fjöldi daga í mán. | Síðustu 12 mán. |
| 15. – 30. apríl | 16 | 181 | 16 | 129 |

24. apríl 2011 hefur veikindafjarvist í helming starfs náð 175 dögum. Laun í þeim hluta starfs eiga því að falla niður frá og með 25. apríl 2011. Laun eru nú 50% og miðast við helming starfs.

Veikindi að fullu halda áfram út júní 2011

| Mánuður | Fjöldi daga í mán. | Síðustu 12 mán. | Fjöldi daga í mán. | Síðustu 12 mán. |
|---------|--------------------|-----------------|--------------------|-----------------|
| maí | 31 | 208* | 31 | 156* |
| Júní | 30 | 238** | 30 | 186** |

19. júní 2011 hefur veikindafjarvist í síðari helming starfs náð 175 dögum. Veikindaréttur er tæmdur. Laun í síðari hluta starfs falla niður frá og með 20. júní 2011. Veikindafjarvist í báðum helmingum starfs er yfir 175 dögum á síðustu 12 mánuðum.

* 4 dagar frá maí 2010 falla út úr talningunni .

** Veikindadagar eru taldir áfram þó réttur til launa sé ekki fyrir hendi.



V. Yfirlit um launagreiðslur í framangreindu dæmi.

| Tímabil | Laun | Skýring |
|-----------------------|------|--|
| 05.11.2010-14.02.2011 | 100% | Full veikindi frá 5.11.2010 |
| 15.02.2011-14.04.2011 | 100% | Veikur að hálfu, heldur fullum launum |
| 15.01.2011-24.04.2011 | 100% | Veikur að fullu heldur fullum launum |
| 25.04.2011-19.06.2011 | 50% | Veikur að fullu, laun falla niður í helmingi starfs þar sem veikindaréttur er fullnýttur að hluta. |
| 20.06.2011- | 0% | Laun fallin niður að fullu, veikindaréttur fullnýttur í báðum hlutum starfs. |

Réttur til aluna í veikindum skapast á ný eftir að starfsmaður kemur aftur til starfa og samanlögð veikindafjarvist í helmingi starfs er komin undir 175 daga á 12 mánaðar tímabili. Í því sambandi teljast allir veikindafjarvistadagar eins, hvort sem laun voru heil eða engin. Ef starfsmaðurinn í þessu dæmi kæmi t.d. til starfa á ný frá og með 1. júlí 2011 og hefði síðan enga veikindafjarvist það sem eftir er ársins, ætti hann rétt á 50% launum í veikindum eftir 15. nóvember 2011 en 100% launum 52 dögum seinna eða 6. janúar 2012, þ.e. þegar samanlögð veikindafjarvist í hvorum helmingi starfs fyrir sig væri komin undir 175 daga. Þetta stafar af því að eftir því sem tíminn líður, falla veikindin sem eru orðin eldri en 12 mánaða aftan af talningunni.

VI. Starfsmaður fær heilbrigðisvottorð og kemur til starfa á ný 1. júlí 2011 en verður veikur 1.-15. desember 2011.

| Mánuður | Fjöldi daga í mán. | Síðustu 12 mán. | Skýring |
|-------------|--------------------|-----------------|--|
| júlí | 0 | 238/186 | |
| nóvember | 0 | 212/160 | 26 dagar falla aftan af |
| desember | 15 | 196/144 | 31 dagur fellur aftan af/15 bætast við |
| janúar 2012 | 0 | 165/113 | 31 dagur felur aftan af |

VII. Yfirlit launagreiðslna í dæmi VIII

| Tímabil | Laun | Skýring |
|---------------|------|--|
| 1.-15.12.2011 | 50% | Veikindaréttur aðeins orðin virkur (farin undir 175 daga) í helmingi starfs. |

Þegar veikindadagar eru komnir undir 175 daga í báðum hlutum á starfsmaður aftur rétt til fullra launa í veikindum.